

hafi fengið venjulegt verkamannakaup, sem var nokkru lægra en kaup fyrir svo nefnda hjálparvinnu. Var þannig fyrir hendi, er kjarasamningurinn var gerður 22. febr. s. l., flokkun verkamannavinnu í hjálparvinnu og venjulega verkamannavinnu. Verður ekki talið, að stefndi hafi þurft að gera ráð fyrir því, að orðin „hjalparvinna í vélsmiðjum“ fælu í sér breytingu frá þeirri flokkaskipun, er áður hafði tíðkast, án þess að það væri tekið sérstaklega fram, þannig, að öll verkamannavinna í vélsmiðjum skyldi frá gildistöku samningsins teljast til hjálparvinnu. Er því ekki hægt að taka aðalkröfu stefnanda til greina.

Varakrafa stefnanda er svo óákveðin, að hún sker eigi úr um það, hvaða vinna ætlað er til, að teljst hjálparvinna í vélsmiðjum samkvæmt framangreindum samningi. Þykir því eigi fært að leggja dóm á hana og ber að vísa henni frá dómi.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Varakröfu stefnanda í máli þessu vísast frá dómi.

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands, á að vera sýkn af aðalkröfu stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 9. september 1944.

Nr. 10/1944. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. H/f Shell á Íslandi** (Eggert Claessen hrl.)
gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Mál út af kæru um ólögmeitt verkfall.

Dómur.

Mál þetta er höfðað af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. h/f Shell á Íslandi gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar með stefnu, dags. 25. f. m.

Tildrög málsins og málavextir eru þessir:

Hinn 22. ágúst 1942 var undirritaður samningur milli Vinnuveitendafélags Íslands og verkamannafélagsins Dagsbrúnar um kaup og kjör í tímavinnu. Náði samningur þessi m. a. til h/f Shell á Íslandi sem félagi í Vinnuveitendafélagi Íslands. Á þessum tíma var komin á sú tízka, að ýmsir vinnuveitendur, svo sem heildsalar og t. d. h/f Shell á Íslandi, höfðu í þjónustu sinni Dagsbrúnarmenn, sem ráðnir voru með mánaðar-kaupi, án þess þó að samningar um slíkt fyrirkomulag væru fyrir hendi milli Dagsbrúnar og vinnuveitenda eða félags þeirra. Í september og október 1942 komust á sérstakir samningar milli ýmissa vinnuveitenda og Dagsbrúnar um kaup og kjör verkamanna, er mánaðar kaup taka, þar á meðal milli Vinnuveitendafélags Íslands f. h. h/f Shell á Íslandi og Dagsbrúnar. Er sá samningur dagsettur 24. sept. 1942 og skyldi hann gilda jafnlengi og nefndur tímakaupssamningur frá 22. ágúst 1942, með sama uppsagnarfresti og framlengjast með sama hætti og sá samningur. Síðastliðinn vetur var tímakaups-samningnum frá 22. ágúst 1942 sagt upp og var gerður nýr samningur þann 22. febr. þ. á., og er hann enn í gildi. Framan- greindum mánaðar kaupssamningum var hins vegar ekki sagt upp þá, og giltu þeir áfram óbreyttir. Voru sumir þeirra síðan framlengdir í júlí s. l., en samningi H/f Shell og Dagsbrúnar frá 24. sept 1942 sagði Dagsbrún upp 21. júlí s.l. frá og með 22. f. m. að telja, svo sem heimilt var samkvæmt efni hans. Þrátt fyrir samningsumleitunir tókust samningar ekki, og þann 14. ágúst s.l. sendi verkamannafélagið Dagsbrún svo hljóðandi tilkynningu til Vinnuveitendafélags Íslands:

„Á fundi trúnaðarmannaráðs félags vors þann 14. þ. m. var samþykkt að stöðva alla vinnu Dagsbrúnarmanna hjá H/f Shell á Íslandi frá og með 22. ágúst þ. á., ef ekki hafa náðst nýir samningar við H/f Shell, um kaup og kjör mánaðar kaups- manna, fyrir þann tíma.

Þetta tilkynnist yður hér með.“

Að morgni þess 22. ágúst s.l. hófst svo verkfall hjá H/f Shell, þar sem samningar höfðu þá ekki enn tekizt, og náði það til allra Dagsbrúnarmanna, sem þar unnu. Stendur verk- fall þetta enn.

Stefnandi telur, að verkfall þetta sé að öllu leyti ólöglegt. Aðallega vegna þess, að trúnaðarmannaráð Dagsbrúnar, sem ákvörðun tók um að hefja verkfallið, fullnægi ekki skilyrðum

laga nr. 80/1938 til þess að geta tekið löglega ákvörðun um verkfall. En til vara telur hann verkfallið ólöglegt að því er snertir tímakaupsmenn. Mótmælti hann lögsmæti verkfallsboðunarinnar þegar í stað, eða 15. ágúst s.l.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Aðallega:

1. Að viðurkennt verði, að ógild og ólögleg sé að öllu leyti ákvörðun sú um vinnustöðvun af hendi verkamannafélagsins Dagsbrúnar hjá Shell h/f á Íslandi, sem ræðir um í bréfi trúnaðarmannaráðs félagsins til Vinnuveitendafélags Íslands, dags. 14. f. m., og hófst 22. ágúst s. l.,
2. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sekt, eftir ákvörðun dómsins, vegna hinnar ofangreindu ólöglegu vinnustöðvunar,
3. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur, eftir mati dómsins, fyrir allt það tjón, sem umrædd vinnustöðvun hefur í för með sér fyrir stefnda, ákveðnar fyrir hvern dag, sem vinnustöðvunin stendur, frá og með 22. ágúst s.l.

Til vara:

1. Að viðurkennt verði, að umrætt verkfall sé ólöglegt að því er snertir tímakaupsmenn, sem eru meðlimir í verkamannafélaginu Dagsbrún, og sé Shell h/f á Íslandi heimilt að láta tímakaupsmenn, sem eru meðlimir verkamannafélagsins Dagsbrúnar, vinna hvaða vinnu, sem er, þar með þá vinnu, sem mánaðarkaupsmenn hafa lagt niður 22. ágúst þ. á.,
2. að stefndi verði dæmdur til sektar fyrir ólöglegt verkfall að því er tímakaupsmenn snertir,
3. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur eftir mati dómsins fyrir það tjón, sem hann hefur orðið fyrir, vegna tálmunar stefnda gegn því, að tímakaupsmenn ynnu hjá honum, ákveðnar fyrir hvern dag, sem slík tálmun stendur, frá og með 22. ágúst þ. á.

Hvernig sem málið fer, krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Samkvæmt beiðni aðilja og með skirskotun til 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, hefur dómurinn samþykkt að meðferð málsins hér fyrir dómi verði skipt þann-

ig, að frestað verði málflutningi um upphæð skaðabótakröfunnar.

I. Aðalkrafan.

Samkvæmt núgildandi lögum verkamannafélagsins Dagsbrúnar er trúnaðarmannaráð félagsins skipað 9 mönnum alls, stjórnendum félagsins, 5 að tölu, og 4 öðrum. Formaður félagsstjórnar er jafnframt formaður trúnaðarmannaráðs og ritari félagsins ritari þess. Samkvæmt 35. gr. samþykktu Dagsbrúnar hefur þannig skipað trúnaðarmannaráð vald til þess að taka ákvörðun um vinnustöðvun og hefur það ákveðið framannefnt verkfall, sem mál þetta er risið af. Þá er og í félaginu svokallað trúnaðarráð skipað 100 mönnum. Tala félagsmanna Dagsbrúnar er nú sögð tæp 3 þúsund. Þegar lög nr. 80/1938 tóku gildi var trúnaðarmannaráð Dagsbrúnar, sem þá var eina stéttarfélagið hér á landi, sem hafði slíkt fyrirkomulag, skipað 100 mönnum. Áttu sæti í því fulltrúar félagsins á alþýðusambandsþingi og auk þeirra 1 maður fyrir hverja 20 félagsmenn. Mun trúnaðarmannaráð þetta hafa komið á laggirnar á árinu 1937, en í janúar það ár eru félagsmenn í Dagsbrún taldir hafa verið 1680. Skömmu eftir gildistöku laga nr. 80/1938, um stéttarfélag og vinnudeilur, eða í nóvembermánuði 1938, var samþykktum Dagsbrúnar breytt á þá lund, að stofnað var trúnaðarráð, sem ekki skyldi skipað færri mönnum en 100. Jafnframt var ákveðið, að trúnaðarmannaráð skyldi skipað stjórn félagsins (5 mönnum) og fjórum fullgildum félagsmönnum öðrum, og því gefinn réttur til að taka ákvarðanir um verkföll, svo sem að framan segir.

Stefnandi telur nú, að trúnaðarmannaráð Dagsbrúnar, eins og því er nú fyrir komið, hafi ekki að lögum heimild til þess að taka ákvörðun um vinnustöðvun. Telur hann, að heimild sú, sem um ræðir í c-lið 15. gr. laga nr. 80/1938, geti aðeins átt við, þegar trúnaðarmannaráð félags sé svo fjölskipað í hlutfalli við félagatölu þess, að búast megi við, að vilji trúnaðarmannaráðsins verði nokkurn veginn spegilmynd af vilja félagsmanna í heild.

Hliðstæðurnar í a- og b-lið nefndrar 15. gr. sýni, að ætlazt sé til, að c-liðurinn eigi að hafa í sér fölgna svipaða tryggingu og tveir fyrstu liðirnir fyrir því, að ekki sé stofnað til vinnustöðvunar, nema fyrir hendi sé almennur vilji félagsmanna, og að ákvæði c-liðs um $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða sýni, að þar hljóti

að vera átt við talsverðan fjölda manna. Það hafi einmitt verið hið nokkuð fjölmenna trúnaðarmannaráð Dagsbrúnar, samkvæmt samþykktum þess félags frá 1937, sem löggjafinn hafi haft í huga, er c-liður oftnefndrar 15. gr. var settur, og við það beri m. a. að miða, er meta skal, hversu fjölskipuð trúnaðarmannaráð skuli vera. Þá heldur stefnandi því og fram, að með lögum nr. 80/1938 hafi sjálfstæður réttur til þess að taka ákvörðun um vinnustöðvanir verið tekin úr höndum félagsstjórna stéttarfélaga. Það geti því ekki samrýmt nefndum lögum, ef trúnaðarmannaráðin séu svo skipuð, að félagsstjórnin geti ein ráðið öllu, svo sem hér eigi sér stað. Telur hann áður nefnda breytingu, er Dagsbrún gerði á samþykktum sínum í nóvember 1938, til þess eins gerða að fara í kringum ákvæði c-liðs 15. gr. nefndra laga, en slíkt hljóti að vera óheimilt. Af þessu leiði að ógilda beri ákvörðun trúnaðarmannaráðs Dagsbrúnar um nefnt verkfall, svo sem krafist er.

Stefndi hefur mótmælt aðalkröfu stefnanda og krafizt sýknu af henni. Telur hann, að trúnaðarmannaráð Dagsbrúnar, eins og það er nú skipað, sé í fullu samræmi við ákvæði c-liðs 15. gr. laga nr. 80/1938 og hafi því samkvæmt þeim lögum það vald, til þess að taka ákvarðanir um verkföll, sem því sé veitt í 35. gr. samþykta Dagsbrúnar. Í nefndum lögum séu engin ákvæði um það, hversu fjölmenn trúnaðarmannaráðin skuli vera, heldur sé stéttarfélögum beinlínis í sjálfsvald sett í 3. gr. þeirra, hve fjölskipuð þau séu höfð. Hann mótmælir því, að það hafi sérstaklega verið tilgangur laga nr. 80/1938 að svipta stjórnir stéttarfélaga heimild til þess að gera verkföll, og telur það ekki geta skipt máli, þó meiri hluti trúnaðarmannaráðs Dagsbrúnar sé skipaður stjórnarnefndarmönnum þess félags. Nefnd lagaákvæði geymi ekki neinar reglur um það, hversu fjölskipuð trúnaðarmannaráð skuli vera, og sé því ekki á valdi dómsins að meta það. Trúnaðarmannaráð Dagsbrúnar 1937 hafi verið það eina, sem til hafi verið, þegar lög nr. 80/1938 voru sett, og verði engin ályktun dregin af skipun þess um það, hve fjölmenn þessi ráð skuli vera. Nú hafi vinnustöðvun sú, er hér um ræðir, verið samþykkt á lögætum trúnaðarmannaráðsfundi með öllum greiddum atkvæðum, og tilkynnt á réttum tíma. Sé hún því að öllu leyti lögum samkvæm.

Í 15. gr. laga nr. 80/1938 eru settar reglur um það, á hvern hátt taka skuli ákvörðun um vinnustöðvun, til þess að hún sé

heimil. Verður það samkvæmt henni gert á þennan hátt:

- a. Við almenna leynilega atkvæðagreiðslu, er staðið hafi a. m. k. í 24 tíma, enda nægilega auglýst,
- b. af samninganefnd eða félagsstjórn, sem fengið hefur umboð til þess að taka ákvörðun um vinnustöðvun með almennri atkvæðagreiðslu, sem farið hefur fram á sama hátt og greint er undir a-lið,
- c. af trúnaðarmannaráði, ef lög viðkomandi félags fela því slíkt vald, enda hafi vinnustöðvunin verið samþykkt með a. m. k. $\frac{3}{4}$ hlutum greiddra atkvæða á lögmætum trúnaðarmannaráðsfundi.

Með nefndri lagagrein eru engin bein fyrirmæli sett um það, hversu fjölmenn trúnaðarmannaráðin skuli vera og slíkar reglur finnast heldur ekki í öðrum greinum laganna. Nú verður því að vísu ekki neitað, að það leiðir til verulegs ósamræmis milli a- og b-liðs 15. gr. annars vegar og c-liðs hins vegar, ef 9 manna trúnaðarmannaráð í nálega 3 þúsund manna félagi getur tekið ákvörðun um að gera verkfall. En eigi að síður verður að telja, að með því að löggjafinn hefur algerlega látið hjá líða að setja í lögin fyrirmæli um, hve fjölskipuð ráðin skuli vera, enda þótt umræður um þau á alþingi hafi gefið fullkomið tilefni til þess, þá sé það ekki á valdi dómsins að meta það. Samkvæmt þessu verður ekki talið, að óheimil sé að lögum sú skipun trúnaðarmannaráðs Dagsbrúnar, er félagið hefur tekið upp. Á trúnaðarmannaráðsfundi þeim, sem tók ákvörðun um greint verkfall, voru mættir og greiddu atkvæði 7 ráðsmenn. Af þeim voru þrír utan félagsstjórnarinnar og hafði hún ein því ekki þann meiri hluta, sem ákveðinn er í c-lið 15. gr. laga nr. 80/1938. Verður því ekki hægt að telja verkfallsákvörðunina frá 14. ágúst s.l. ólögmæta af þeirri ástæðu, og ber því að sýkna stefnda af aðalkröfu stefnanda.

II. Varakrafan.

Stefnandi byggir varakröfu sína á því, að þar sem samningurinn frá 22. febrúar s.l. um kaup og kjör verkamanna í tíma-vinnu sé enn í fullu gildi, hafi H/f Shell verið heimilt að halda áfram vinnu með tímakaupsmönnum samkvæmt téðum samningi. Því hagi svo til, að verkamannavinna hjá H/f Shell sé ýmist unnin af mánaðarkaupsmönnum eða tímakaupsmönnum og verði þar engin glögg skil dregin á milli og eigi H/f Shell frjálst val þess, hvort fyrirkomulagið það kys. Vegna samn-

ingsins frá 22. febr. s.l. sé Dagsbrún bundin að því er tíma-kaupsmennina snertir og óheimilt að láta þá leggja niður vinnu, þó krafizt sé breytinga á eldri samningi um mánaðar-kaupsmenn. Verkfallsboðun Dagsbrúnar, að því er tímakaups-
mennina snertir, sé þannig brot á samningnum frá 22. febr. s.l. og því ólögmat.

Stefndi hefur mótmælt framangreindri skoðun stefnanda. Byggir hann sýknukröfu sína á því, að samningar þeir um mánaðarkaup, sem Dagsbrún fer fram á, séu ekki samningar fyrir sérstakan hóp manna, heldur geti allir Dagsbrúnarmenn átt þar hlut að máli hagsmunalega séð. Dagsbrún sé því heimilt að gera almennt verkfall hjá H/f Shell til þess að koma fram kröfu sinni um sérstaka mánaðarkaupssamninga. Er hann sammála stefnanda, að störf tímakaupsmanna og mánaðarkaupsmanna séu svo samtvinnuð, að ekki sé þar hægt að greina á milli starfsflokka.

Eins og að framan greinir hefur mánaðarkaupsgreiðsla tíðkæpt allengi hjá H/f Shell og var um það gerður samningur 24. sept. 1942, svo sem getið hefur verið. Var sá samningur enn í gildi, er tímakaupssamningurinn frá 22. febr. s.l. var gerður. H/f Shell gat því ekki gert ráð fyrir að Dagsbrún hefði, að því er það félag snerti, bundizt því með síðastnefndum samningi, að gera ekki sérstakar kröfur um kaup og kjör mánaðarkaupsmanna. Það verður því ekki talið gagnstætt oftnefndum samningi frá 22. febr. s.l. þó Dagsbrún beri nú fram slíkar kröfur.

Í fyrstu grein samnings þess frá 24. sept. 1942, er úr gildi féll fyrir uppsögn 22. f. m. segir:

„Vinnuveitandi skuldbindur sig til þess að láta verkamenn, sem eru gildir meðlimir í Dagsbrún, hafa forgangsrétt til allrar almennrar verkamannavinnu, sem unnin er hjá honum samkvæmt mánaðarlaunum, þegar þess er krafizt og Dagsbrúnarmenn bjóðast, er séu fullkomlega hæfir til þeirrar vinnu, sem um er að ræða.“

Ekki er upplýst, að samningar þeir, sem Dagsbrún nú krefst, séu byggðir á öðrum grundvelli að þessu leyti. Aðiljar eru samkvæmt framansögðu sammála um það, að vinna tíma- og mánaðarkaupsmanna sé svo samofin, að mánaðarkaupsmenn verði ekki taldir til sérstaks starfsflokks. Hér getur þannig verið að ræða um hagsmunamál fyrir félagsmenn í Dagsbrún almennt. Er félaginu því heimilt að framfylgja kröfum sínum

um kaup og kjör mánaðarkaupsmanna hjá H/f Shell með verkfalli, og þá jafnframt verkfalli tímakaupsmanna, enda er því ekki haldið fram, að krafizt sé breytinga á þeim atriðum, sem teljast mega umsamin samkvæmt samningnum frá 22. febr. s.l.

Samkvæmt framansögðu og með tilvísun til þess, sem segir undir I. um heimild trúnaðarmannaráðs til þess að ákveða umdeilt verkfall, er ekki heldur hægt að taka varakröfu stefnanda til greina og ber því einnig að sýkna stefnda af henni.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. H/f Shell á Íslandi, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar.

Þegar bornir eru saman b- og c-liðir 15. gr. laga nr. 80/1938 sézt, að óheimilt er að fela stjórnnum stéttarféлага almenna heimild til þess að taka ákvörðun um verkfall fyrir félagsins hönd. Slik almenn heimild verður aðeins falin trúnaðarmannaráði samkvæmt c-lið nefndrar greinar. Það sézt einnig á umræðunum á alþingi um frumvarpið til laga þessara, að til þess var ætlazt, að með lögunum væri almennt vald til þess að fyrirskipa verkfall tekið úr höndum félagsstjórnanna. Þegar lögin gengu í gildi mun aðeins hafa verið trúnaðarmannaráð í einu verklyðsfélagi hér á landi, verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík. Var trúnaðarmannaráð þetta skipað 100 mönnum. En skömmu eftir að lögin öðluðust gildi breytti Dagsbrún nafninu á ráði þessu í „trúnaðarráð“, en jafnframt skyldi starfa í félaginu svokallað trúnaðarmannaráð, er hefði heimild til að taka ákvörðun um verkföll. Í „trúnaðarmannaráði“ þessu skyldu stjórnendur félagsins, 5 að tölu, eiga sæti og auk þeirra 4 félagsmenn, kosnir sérstaklega til að taka sæti í því ásamt stjórninni. Formaður félagsstjórnarinnar skyldi vera sjálfkjörinn formaður þessa „trúnaðarmannaráðs“, ritari félagsstjórnarinnar sjálfkjörinn ritari þess, og formanni er í sjálfsvald sett, hvernig það er kvatt til funda. Fundur þess er lögmætur ef fullur helmingur ráðsmanna kemur á fundinn og getur stjórn félagsins því ein tekið ákvörðun um verkfall samkvæmt ákvæðum þessum, ef svo ber undir.

Ráð þetta, eins og því nú hefur verið lýst, verður ekki talið svo sjálfstætt gagnvart stjórn félagsins, að á það verði litið sem sérstakt „trúnaðarmannaráð“ í félaginu, er fullnægi c-lið 15. gr. margnefndra laga nr. 80/1938..

Þar er ákvörðunin um verkfall það, sem um er deilt í máli þessu, var einungis tekin af „ráði“ því, sem nú hefur verið nefnt, verður að telja

það ólögætt og ber þá að sekta stefnda fyrir það og dæma hann til greiðslu skaðabóta. Þykir sektin hæfilega ákveðin kr. 300.00, en málf lutningi um upphæð skaðabótanna hefur verið frestað.

Málskostnaður að því er þennan hluta málsins snertir þykir mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Verkfall það, sem verkamannafélagið Dagsbrún gerði hjá H/f Shell á Íslandi 22. f. m., er ólögætt.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, greiði 300 kr. sekt í ríkissjóð.

Stefndi er skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. H/f Shell á Íslandi, út af framangreindu verkfalli.

Málskostnaður falli niður.

Hina ídæmdu sekt ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. september 1944.

Nr. 6/1943. Þórður Guðmundsson (Eggert Claessen hrl.)
gegn

Alþýðusambandi Íslands eða til vara Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps

(Ragnar Ólafsson hrl.).

Mál út af kæru um ólöglegt verkfall.

Dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 7. maí f. á., af Þórði útgerðarmanni Guðmundssyni gegn Alþýðusambandi Íslands eða til vara Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps.

Tildrög máls þessa og málsatvik eru þessi:

Haustið 1942 kom til kaupdeilu, um kaup og kjör verkafólks í venjulegri verkamannavinnu, milli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps annars vegar, sem hér eftir verður nefnt verklýðsfélagið, og þriggja vinnuveitenda hins vegar, Hraðfrystihúss Gerðabátanna h/f, H/f Miðness og H/f Garðs. Auglýsti verklýðsfélagið taxa 8. okt. 1942, en nefndir vinnuveitendur neituðu að fara eftir honum, og 4. jan. 1943